

## 9. Frumvarp

til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

### 1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til sildarleitar, skal aukagjald lagt á hvert sildarmál og hverja tunnu saltáðrar sildar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

### 2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til sildarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og sildarskipa. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

### 3. gr.

Hvert skip, er veiðir sild með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 auru af hverju máli bræðslusildar og af hverri tunnu saltáðrar sildar eða annarrar verkaðrar sildar eða beitusildar. Eitt mál bræðslusildar skal talið 150 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltáðrar sildar.

### 4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

### 5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að  $\frac{9}{10}$  af tekjum hvers árs í ofanefndu markmiði.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðin tvö sumur hefir flugvél verið notuð til síldarleitar hér við land, og mun það almennt talið hafa orðið að nokkru liði. En kostnaður við að halda flugvélinni úti hefir orðið mjög mikill, vegna þess að slík farartæki eru afardýr í rekstri. Eigi að verða framhald á þessari nýng, sem sjálf-sagt má telja sjávarútveginum til nokkurra hagsbóta, verður því á einhvern hátt að sjá fyrir fé til þess að greiða með kostnaðinn af úthaldi flugvélarinnar að meira eða minna leyti. Verður ekki séð annað en að sanngjarnt sé að kostnaðurinn sé að meira eða minna leyti greiddur af síldarútgerðarmönnum, sem einir hafa flugvélarinnar not, en það virðist bezt verða með því, að leggja ákveðið lágt gjald á hverja tunnu saltaðrar síldar og annarrar síldar, sem verkuð er til manneldis eða beitu, og á hvert mál bræðslusíldar, ef síldin er veidd með herpinót. Reknetaskip og landnótaveiðimenn hafa flugvélarinnar lítil eða engin not, og er því rétt, að sú síld, sem veidd er þannig, sé undanþegin gjaldi. Rétt þykir að ekki sé varið öllum árstekjum sjóðsins til flugvélaúthalds, því æskilegt er að sjóðurinn vaxi smám saman, svo að unnt yrði, ef til vill síðar, að færa gjaldið niður, eða auka við flugvélakostinn, ef það þætti æskilegt.

Ýmsir af helztu síldarútvegsmönnum hafa tjáð sig frumvarpi þessu meðmælt.

Einstakar greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringa.